

Ed.

261. Nefndarálit

um frv. til laga um einkasölu ríkisins á tóbaki og eldspýtum.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Reynslan af tóbakseinkasölu þeirri, sem hér var í 4 ár (1922—1925), var sú, að innflutningur tóbaks á mann, sem tollur greiddist af, varð minni með þeirri tilhögun en bæði undan og eftir, og rýrði þetta tolltekjurnar. Ennfremur varð tilkostnaðurinn við öflun þess hluta teknanna, sem tekinn var með verzlunarálagningu, tiltölulega mjög mikill. Verzlunarálagning sú, sem greiddist í ríkissjóð á þessum 4 árum, nam alls 1106 þús. kr., en beinn verzlunartilkostnaður, að útsvari meðtöldu, nam 378 þús. kr. yfir þrjú síðustu árin, og væntanl. um 450 þús. kr. yfir allt fjöggra ára tímabilið.

Þegar einkasalan var lögð niður, í ársbyrjun 1926, voru tollar á tóbaki hækkaðir, og hafa tekjur ríkissjóðs af tollinum einsömlum orðið meiri en af tolli og verzlunararði þau árin, sem einkasalan starfaði, og er það næg sönnun þess, að tilhögun frjálsrar verzlunar hefir reynzt ríkissjóði hentugri en einkasalan.

Þessu til sönnunar skulu hér tilfærðar þar að lútandi tölur eftir verzlunar-skýrslum, landsreikningum og upplýsingum frá hagstofunni (fyrir árið 1929):

Ár	alls kg	Innflutt tóbak		Tollur 1000 kr.	Einkasölu-		Munaðarvörur alls % af innfl.
		á mann kg	verð 1000 kr.		tekjur 1000 kr.	tilkostn. 1000 kr.	
1919 ..	139300	1,6	1863	732	„	„	15,1
1920 ..	136500	1,4	1574	620	„	„	9,6
1921 ..	77900	0,8	1168	399	„	„	10,9
Meðaltal 1919—'21		1,3		584			11,9
1922 ..	65100	0,7	979	311	106	?	12,2
1923 ..	92100	0,9	1199	429	200	88	12,8
1924 ..	92800	0,9	1170	526	350	163	11,1
1925 ..	102600	1,0	1178	657	450	127	8,4
Meðaltal 1922—'25		0,9		481	277	?	11,1
1926 ..	143700	1,4	1565	1281	„	„	9,9
1927 ..	101200	1,0	1056	938	„	„	9,0
1928 ..	115800	1,1	1209	1087	„	„	7,6
1929 ..	125800	1,2	1320	1258	„	„	„
Meðaltal 1926—'29		1,2		1141			

Tölur þessar sýna m. a.:

1. Innflutningur á tóbaki, sem tollur er greiddur af, var 1,3 kg. á mann árlega að meðaltali á undan einkasöluinni, 1,2 kg. á eftir einkasöluinni, en aðeins

0,9 kg. meðan einkasölutilhögunin hélzt. Eftir reynslunni má því búast við, að hann lækki um 25%, ef einkasala verður tekin upp aftur. Þetta samsvarar um 280 þús. kr. tekjurýrnun árlega á tóbakstollinum.

2. Heildartekjur af tóbaki urðu um 758 þús. kr. árlega að meðaltali meðan einkasalan starfaði, en eftir að hún var lögð niður, og tollurinn hækkaður sem nam nokkrum hluta verzlunarálagningarinnar, hafa þessar tekjur hækkað upp í 1141 þús. kr. árlega. Nemur hækkunin 383 þús. kr. árlega.
3. Hinn minnkandi tollskyldi innflutningur á tóbaki 1922—'25 virðist ekki stafa af því, að munaðarvörukaup landsmanna hafi verið minni þessi árin en venja er til. Þau námu þessi árin 11,1% af öllum innflutningi til landsins, 11,9% þrjú næstu árin á undan og 8,8% þrjú næstu árin á eftir.
4. Skýrslan sýnir, að tollurinn 1929 nemur nærri eins mikilli upphæð og innkaupsverð vörunnar. Þetta sýnir, að hæpið er að ætla að ná auknum tekjum handa ríkissjóði með auknum álögum á þessa vöru yfir höfuð.

Flutningsm. frumvarpsins áætla, að bæta megi við núverandi tolla verzlunarálagningu, sem svarar 250 til 300 þús. kr. tekjuauka í ríkissjóð. Verði þetta gert, má eftir reynslunni búast við, að tóbakstollurinn lækki um svipaða upphæð, en landsmenn þurfi að greiða um 15% hærra verð fyrir tóbakið en nú.

Af þessum ástæðum legg ég til, að frv. verði fellt. En til vara, ef það skyldi verða samþ., hefi ég borið fram brtt. á þskj. 243, til þess að taka af öll tvímæli um það, að forstöðumanni og starfsmönnum slíkrar stofnunar sé óheimilt að taka við umboðslaunum eða þóknun frá framleiðendum eða seljendum þeirra vörutegunda, sem frv. áskilur ríkinu einkasölu á.

Alþingi, 10. ágúst 1931.

Jón Þorláksson.